



61. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 16. október, 2003, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Atvinnumál.
2. Frá Atvinnuþróunarfélagi NV: Listi yfir álagningu árgjalda sveitarfélaga.
3. Erindi frá Atvinnuþróunarfélagi NV vegna greiningar á þörf fyrir öryggisþjónustu.
4. Fundargerð Héraðsnefndar Austur-Húnavetninga.
5. Fundargerð Héraðsbókasafnsins.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Atvinnumál.
 - a. *Lagt fram bréf frá sjávarútvegsráðuneytinu, dags. 14. október 2003, þar sem fram kemur að Blönduósbær hefur fengið úthlutað 65 þorskígildislestum sem skv. reglugerð nr. 596, 8. ágúst 2003, eru ætlaðar til stuðnings sjávarbyggðum.
Eins og fram hefur komið gefur ráðuneytið bæjarstjórn kost á að gera tillögur um þær reglur sem gilda skuli við skiptingu aflaheimildanna innan sveitarfélagsins. Bæjarstjóri lagði fram drög að tillögum sem ákveðið er að leggja fyrir bæjarstjórn nk. þriðjudag.*
 - b. *Fyrsti fundur stýrihóps í atvinnumálum var í vikunni og er ætlunin að halda fundi hálfsmánaðarlega.*
2. **Frá Atvinnuþróunarfélagi NV: Listi yfir álagningu árgjalda sveitarfélaga.**
Fram lagður listi yfir árgjald sveitarfélaga. Þar kemur fram að hlutur Blönduóssbæjar er kr. 1.002.691,- Jafnframt fylgir fundargerð aðalfundar INVEST frá 29. ágúst 2003. Lagt fram til kynningar.
3. **Erindi frá Atvinnuþróunarfélagi NV vegna greiningar á þörf fyrir öryggisþjónustu.**
Í erindi atvinnuþróunarfélagsins er verið að kanna þörf starfandi fyrirtækja og stofnana fyrir öryggisþjónustufyrirtæki sem tæki að sér eftirlit með kælikerfum, vatnslögnum, þjófavörnum, eldvörnum ofl. Óskað er eftir upplýsingum frá sveitarfélaginu fyrir 21. október nk. um þörf fyrir slíka öryggis- og eftirlitsþjónustu og þann kostnað sem til fellur vegna hennar. Bæjarstjóra falið að svara erindinu.



4. Fundargerð Héraðsnefndar Austur-Húnavetninga.
Lögð fram til kynningar.

5. Fundargerð Héraðsbókasafnsins.

Lögð fram til kynningar. Í lið 4a kemur fram að sitjandi stjórn óskar eftir að rekstraraðilar Héraðsbókasafnsins skipi formlega stjórn safnins og lýsir furðu sinni á drætti á nefndarskipan. Bæjarstjóra falið að vinna að málinu.

6. Önnur mál.

a. Erindi bókað í trúnaðarbók.

b. Endurskoðun á fjárhagsáætlun

Bæjarstjóri lagði fram lista yfir helstu atriði sem taka þarf tillit til vegna endurskoðunar á fjárhagsáætlun 2003. Ýmsir liðir ræddir.

c. Erindi frá Héraðsnefnd vegna sorpurðunarmála.

Í erindi Héraðsnefndar er bent á að fulltrúar Blönduóssbæjar, Skagafjarðar og Skagastrandar hafa undanfarið unnið við leit að sameiginlegum sorpurðunarstað fyrir Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð. Málið er nú í þeim farvegi að komið er að umhverfismati á þremur mögulegum sorpurðunarstöðum og er áætlaður kostnaður við umhverfismatið allt að 5 milljónir kr. Héraðsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að vera sá aðili á sýslunni sem vinnur með nágrannasveitarfélögunum í málinu. Þess er óskað að fulltrúar sveitarfélagsins fjalli um málið og sendi niðurstöðu sína á skrifstofu héraðsnefndar fyrir 23. október nk. Bæjarráð samþykkir að Héraðsnefnd taki málið að sér og er bæjarstjóra falið að svara erindinu.

d. Erindi frá Héraðsnefnd vegna almannavarnarnefndar.

Bent er á að ný lög um almannavarnir hafa tekið gildi og hefur héraðsráð samþykkt að héraðsnefnd verði falið að semja við Húnaþing vestra og Austur Húnavatnssýslu um skipun almannaverndar fyrir báðar sýslurnar og að sveitarfélögin veiti héraðsnefnd umboð til að annast stjórnsýslu varðandi almannavarnir. Bæjarráð samþykkir að veita héraðsnefnd umboð til þessa og felur bæjarstjóra að svara erindinu.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:45.

Hjördís Blöndal (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)